

# Reglur Fjarðabyggðar um stuðningsfjölskyldur

## I. kafli Almennt um þjónustuna

### 1. gr.

#### *Lagagrundvöllur*

Þjónusta stuðningsfjölskyldna er veitt á grundvelli 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og á grundvelli d. liðar 24. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 26. gr. reglugerðar nr. 652/2004 um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga sbr 11. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

### 2. gr.

#### *Markmið*

Markmið þjónustunnar er að veita aðstoð við fjölskyldur sem þurfa sakir fötlunar eða aðstæðna á auknum stuðningi að halda umfram grunnþjónustu.

### 3. gr.

#### *Réttur til þjónustu stuðningsfjölskyldna/inntak*

Forsenda þess að geta sótt um stuðningsfjölskyldu er að umsækjandi (barn) eigi lögheimili í Fjarðabyggð.

Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu er almennt metin í samráði við foreldra þess. Taka ber tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldum eins og unnt er. Þjónusta stuðningsfjölskyldu miðast að öllu jöfnu við sólarhringsþjónustu en semja má um aðra tilhögun á framkvæmd þjónustunnar.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja barna í senn, nema um systkini sé að ræða.

Dvöl miðast við sólarhringsþjónustu og lengd ákvarðast af mati á þjónustubörf. Semja má um aðra tilhögun en sólarhringsþjónustu, til að koma til móts við þörf á dagsdvöl.

## II. kafli Framkvæmd þjónustunnar

### 4. gr.

#### *Umsókn*

Umsókn um stuðningsfjölskyldu er unnt að fylla út í íbúagátt á heimasíðu Fjarðabyggðar (fjardabyggd.is).

### 5. gr.

#### *Mat á þjónustubörf og ákvörðun um þjónustu*

Meðferðateymi fjölskyldusvið metur umsóknir vegna fatlaðra barna. Meðferðarteymi barnaverndar ákvarðar um þjónustu vegna barnaverndarmála.

Við mat á þjónustubörf er horft til eftirfarandi þátta:

- a) Styrkleiki fjölskyldunnar og aðgengi að stuðningi frá fjölskyldu eða öðrum aðilum.
- b) Félagslegar aðstæður fjölskyldunnar.
- c) Félagsleg færni barnsins.

6. gr.  
*Kynning á ákvörðun*

Ákvörðun um afgreiðslu umsóknar er kynnt með bréfi sem sent er rafrænt á heimasvæði umsækjanda í íbúagátt Fjarðabyggðar.

7. gr.  
*Framkvæmd þjónustunnar*

Áður en þjónusta hefst skal gengið frá þjónustusamningi þar sem fram kemur tilgangur með stuðningi, hvernig settum markmiðum skuli náð, tímafjöldi, gildistími samnings og hvernig aðstoðin skuli veitt. Unnið skal að því að notandi þjónustunnar fái heildstæða og samþætta þjónustu.

**III. kafli**  
**Málsmeðferð**

8. grein  
*Samvinna við umsækjanda*

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er.

9. grein  
*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum*

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

10. grein  
*Rangar eða villandi upplýsingar*

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

11. grein  
*Niðurstaða og rökstuðningur synjunar*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er röksutdd með vísan í ákvæði reglna þessara. Þá skal um leið tilkynna honum um rétt has til að fara fram á að félagsmálanefnd fjalli um umsóknina. Nefndin skal þá fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun nefndarinnar skal kynnt umsækjanda og um leið kynntur réttur hans til að kæra ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála.

*Fjarðabyggð 7. september 2018*

  
Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri



Samþykkt í félagsmálanefnd 28. ágúst 2018  
Samþykkt í bæjarráði 3. september 2018  
Samþykkt í bæjarstjórn 6. september 2018